



Marta Guðrún Halldórsdóttir tók sín fyrstu skref í tónlistarlífinu sem meðlimur Hljómeykis á Sumartónleikum í Skálholti á sínum unglingsárum. Að loknu söngnámi í Þýskalandi árið 1993 hefur hún starfað sem söngkona og söngkennari og komið fram með helstu kórum, hljómsveitum og kammerhópum hér á landi. Marta hefur verið í fremstu röð túlkenda á sviði samtímatónlistar. Hún hefur frumflutt og hljóðritað íslensk verk og flutt íslenska tónlist á tónleikaferðum m.a. í Japan og víða í Evrópu. Marta hefur farið með aðalhlutverk í

óperum og söngleikjum í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu, verið atkvæðamikil í flutningi barrokktonlistar og hefur unnið með fjölmörgum listamönnum á því sviði.

Marta hefur lagt rækt við íslenskan tónlistararf og flutt íslensk þjóðlög í útsetningum ýmissa tónskálda, gjarnan með Erni Magnússyni píanóleikara. Þau eru stofnendur smásveitarinnar Spilmanna Ríkisins sem flytur gamla íslenska tónlist á forn íslensk hljóðfæri.

Marta Guðrún hefur stjórnað kór nemenda við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar í nokkur ár. Vorið 2011 var hún ráðin stjórnandi Hljómeykis og hefur stýrt kórnum síðan.